



Annað forritið sem kynnt er í jólaþema 2017 er Padlet. Það er veflægt forrit sem hægt að líkja við stafræna korktöflu. Í stuttu máli er þetta einföld vefsíða þar sem mögulegt er að deila upplýsingum á margskonar formi. Á hverja töflu er hægt að "festa" ýmsar upplýsingar m.a. myndir, skjöl, vefslóðir, myndskreið o.fl. Val stendur um nokkur sniðmát og margir geta unnið saman í einu í hverri töflu. Kennarar geta haft sinn persónulega aðgang eða stofnað bekkjar/skóla aðgang.

Forritið er ókeypis en nauðsynlegt er að stofna notandaaðgang, það er hægt að gera með netfangi eða að tengjast í gegnum samfélagsmiðla. Hægt er að kaupa ársáskrift til þess að losna við auglýsingar á vinnslustigi. Forritið er aðgengilegt á vefsíðunni <https://padlet.com> og virkar í öllum vefvöfrum. Einnig er það til sem smáforrit fyrir spjaldtölvur og snjallsíma bæði **iOS** og **Android**.

Hver "tafla" fær sinn eigin QR-kóða og auðvelt er að deila henni, flytja út eða fella inn í vefsíður. Einnig er hægt að prenta hana út, vista sem mynd, PDF skjal, CSV eða Excel skrá. Einfalt er að stýra aðgengi. Sem dæmi er hægt að læsa töflu með lykilorði og stýra hvort viðkomandi hefur les- eða skrifréttindi eða megi breyta henni. Nauðsynlegt er að stofna notandaaðgang með netfangi eða nýta tengingu við samfélagsmiðla.

Ég hef nýtt Padlet frá 2013 í kennslu, við undirbúning kennslu, við gerð kennsluefnis sem og í persónulegum tilgangi.

Dæmi um notkun:

- Bekkjarblogg
- Fréttabréf
- Upplýsingasafn, t.d. fyrir rannsóknarefni til ritgarðarsmíðar, forritasafn, leiðbeiningar, verkefnalýsingar eða fræðigreinar
- Tungumálakennsla, t.d. myndaorðabók, listi yfir sagnir og málfræðihugtök
- Handritsgerð
- Uppskriftabók
- Svæði til að skila verkefnum, t.d. heimavinnu eða rafrænt lestrarkort
- Æfingaskema, frábært að safna myndskreiðum frá íþróttáfrömuðum
- Kennsluáætlun
- Dagbók t.d. dagsetningar fyrir verkefnaskil
- ...